

2. gr.

Setningin „árin 1957—1963, að báðum árum meðtöldum“ í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 57 frá 1957, sbr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1962, falli niður.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða“ í 3. málsl. 1. mgr. 69. gr. laganna komi: fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt þungaskatti og skoðunargjaldi bifreiða, og skal um endurgreiðslu iðgjaldsins vegna innilegu skrásetningarnúmers, ef til kemur, farið eftir þeim reglum, sem gilda um endurgreiðslu þungaskatts í slíkum tilfellum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa iðgjöld af öikumönnum bifreiða fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá sömu upphæð dregna frá iðgjaldi því, sem þeim ber að greiða af öikumönnum bifreiða árið 1964 samkvæmt lögum þessum, eða fá hana endurgreidda, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.